



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni þriðja pistills:

- Íbúafundur um snjómokstur og sorphirðu
- Aðalfundur Flokkunar
- Fulltrúaráðsfundur Eyþings og samráðsvettvangur vegna Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2015-2019
- Fjárhagsáætlun og kynningarfundur á helstu verkefnum ársins 2019
- Jólaundirbúningur
- Framkvæmdir í Valsárhverfi
- Opnun Vaðlaheiðarganga og heimsókn í göngin

Íbúafundur um snjómokstur

Þriðjudaginn 4. desember var haldinn íbúafundur um snjómokstur til þeirra íbúa Svalbarðsstrandarhrepps sem búa utan þéttbýlis og greiða ekki lóðarleigugjald til sveitarfélagsins. Á sama fundi var rætt um sorphirðu og Stefán E. Stefánsson frá Íslenska Gámafélaginu kom á fundinn.

Á heimasíðu sveitarfélagsins má finna reglur um þátttöku Svalbarðsstrandarhrepps í snjómokstri til elli- og örorkulífeyrispega en sveitarfélagið sér um snjómokstur í þéttbýli og er með samning við verktaka en í dreifbýli sjá eigendur lóða/jarða um viðhald og þar með talið snjómokstur sinna vega og velja verktaka til verkefnisins.

Á fundinum var ákveðið að stofnað yrði félag, íbúasamtök um snjómokstur sem yrði í umsjón sveitarfélagsins og hlutverk félagsins verði að innheimta gjald frá þjónustuþegum og greiða til þeirra verktaka sem íbúar ákveða að ráða til verkefnisins. Þeim svæðum sem óska eftir mokstri er skipt upp í klasa eða hverfi sem geta

þá sameinast um þá þjónustu sem óskað er eftir, tíðni og þjónustuaðila og greiðslur endurspegli þjónustuþörfina. Miðvikudaginn 12. desember var svo haldinn stofnfundur íbúasamtakanna og verður þetta verkefni vonandi til þess að íbúar verði sáttir með þá þjónustu sem þeir fá um leið og þjónustuaðilar geta skipulag vinnu sína þannig að tími og tæki nýist sem best.

Eins og íbúar á svæðinu vita kyngdi niður snjó í byrjun desember og höfðu þjónustuaðilar í nógu að snúast. Rétt er að þakka íbúum þá þolinmæði sem þeir hafa sýnt og skilning á því verkefni sem bíður þegar snjó kyngir niður eins og við höfum upplifað síðustu vikur. Og svo eins og hendi sé veifað er kominn hiti, snjórinn bráðnar, hálka og slabb þvælast fyrir okkur íbúum og jólalegar myndir sem gaf að líta um allt eru horfnar í bili. Hér fylgja tvær myndir sem ég tók, önnur er tekin út um gluggann í vinnunni og að kvöldi var borðið autt, en þegar ég kom í vinnuna morguninn eftir leit það svona út og svo er mynd sem ég tók þegar frostið var sem mest áður en byrjaði að snjóa og ískristallar þöktu þakið á bílnum.





PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni þriðja pistils:

- Íbúafundur um snjómokstur og sorphirðu
- Aðalfundur Flokkunar
- Fulltrúaráðsfundur Eyþings og samráðsvettvangur vegna Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2015-2019
- Fjárhagsáætlun og kynningarfundur á helstu verkefnum ársins 2019
- Jólaundirbúningur
- Framkvæmdir í Valsárhverfi
- Opnun Vaðlaheiðarganga og heimsókn í göngin

Stefán frá Íslenska Gámafélaginu fór yfir mikilvægi þess að rusl sé flokkað og mikilvægi þess að við drögum úr urðun. Framundan eru tvö stór verkefni sem vinna þarf lausn á, annars vegar verður urðunarsvæði sveitarfélaga við Eyjafjörð innan tíðar orðið fullt og getur þá ekki tekið við meira efni til urðunar og innan nokkurra ára verður urðun ekki heimil og því mikilvægt að sveitarfélögin og íbúar þeirra finna lausnir á þessum verkefnum. Gámasvæðið okkar þarf athygli okkar og til stendur að setja upp greinargóðar leiðbeiningar, svæðið er þegar vaktað með myndavélum en bæta þarf lýsingu og tryggja þátttöku þeir sem nýta sér svæðið við að skila sorpi í rétta gáma og ganga vel um svæðið.

Aðalfundur Flokkunar

Aukaaðalfundur Flokkunar Eyjafjörður ehf. var haldinn á Bæjarskrifstofu Akureyrarbæjar 7. nóvember. Sveitarfélög við Eyjafjörð stofnuðu Flokkun ehf. árið 2007 til þess að sjá um sorpförgun og endurvinnslu úrgangs á Eyjafjarðarsvæðinu. Tilgangur félagsins er að sjá til þess að þekking um bestu og hagkvæmustu lausnir í úrangsmálum svæðisins séu ávallt til staðar, með

umhverfismarkmið að leiðarlósi. Þá er félaginu ætlað að sjá um fræðslumál til íbúa og fyrirtækja. Eignarhlutur sveitarfélaganna er í samræmi við íbúafjölda og tekjur félagsins byggjast á framlagi sveitarfélaganna, 225 kr. á íbúa. Stærsti útgjaldaliður er vegna samnings við Moltu en ákveðið var á fundinum að færa nokkur þeirra verkefna sem Moltu hefur hýst yfir til Vistorku. Guðmundur Haukur Sigurðarson starfsmaður Vistorku mætti á fundinn og miklar umræður voru um urðun sorps, framtíðar þróun og þá flóknu stöðu sem við stöndum frammi fyrir, mikilvægi flokkunar og ábyrgðar meðferðar úrgangs. Guðmundur Haukur heimsótti einnig Umhverfis- og atvinnumálanefnd Svalbarðsstrandarhrepps á 2. fundi nefndarinnar þar sem til umræðu voru sorpmál, gámasvæði, flokkun og þeir möguleikar sem eru á endurvinnslu sorps og þeim verðmætum sem felast í því sem við erum alltof dugleg við að henda. Umhverfis- og atvinnumálanefnd ætlar á nýju ári að auka upplýsingar til íbúa um flokkun og auk aðgengi að góðum ráðum. Eitt þessara ráða er Græna trektin, hægt er að sjá upplýsingar um Grænu trektina á heimasíðu Vistorku:

<http://www.vistorka.is/is/myndbond/file/graena-trektin>

Græna trektin—Orka úr eldhúsinu er samstarfsverkefni Norðurorku, Orkuseturs, Vistorku og Gámaþjónustu Norðurlands. Notaðri steikingarolíu er safnað fyrir lífdísselframleiðslu Orkeyjar sem býr til lífdísil úr henni sem nýtist í samgöngur eða með því að hún fer í jarðgerð hjá Moltu. Meginverkiefnið er að forðast það að fitan lendi í fráveitukerfinu, búi þar til stíflur, fari illa með dælur og annan búnað.





Björg Erlingsdóttir

Efni þriðja pistils:

- Íbúafundur um snjómokstur og sorphirðu
- Aðalfundur Flokkunar
- Fulltrúaráðsfundur Eyþings og samráðsvettvangur vegna Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2015-2019
- Fjárhagsáætlun og kynningarfundur á helstu verkefnum ársins 2019
- Jólaundirbúningur
- Framkvæmdir í Valsárhverfi
- Opnun Vaðlaheiðarganga og heimsókn í göngin

Fjárhagsáætlunarvinna

Sveitarstjórn lauk annarri umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2019 og fjögurra ára áætlun 2019-2023 á fundi sínum 05. desember 2018. Gert er ráð fyrir að samdráttur verði í tekjustofnum þar sem vinnu við Vaðlaheiðargöng er að ljúka en áætlunin verður kynnt nánar í upphafi nýs árs. Áhersla verður lögð á umhverfismál og áfram verður haldið við uppbyggingu nýs hverfis á Svalbarðseyri. Fjárhagsáætlunarvinnan gekk vel, milli funda var unnið með endurskoðanda sveitarfélagsins og nefndum til að kalla eftir verkefnum sem leggja ætti áherslu á árið 2019. Á heimasíðu sveitarfélagsins má eftir áramótin sjá nánari upplýsingar um fjárhagsáætlunina www.svalbardsstrond.is

Jólaundirbúningur

Nemendur í Valsárskóla og Álfaborg hafa ásamt starfsmönnum unnið ötullega að undirbúningi jólanna síðustu daga. Pipparkökuhús hafa verið bökuð og skreytt, sögur og laufabrauð töfruð fram í samstarfi við Maríu og veggir skólans bera þess

merki að jólin nálgast. Í leikskólanum var okkur Fannari boðið í hangikjötsveislu og í skólanum hefur verið haldin jólagleði. Fyrir mánuðinum héldu nemendur í 8.-10. bekk mikla matarveislu þegar þau buðu uppá kótilettur og var veislan vel sótt. Fyrir jólin var einnig haldinn jólamarkaður í Valsárskóla og eitt og annað var þar á boðstólnum. Það er greinilegt að mikið hagleiksfólk býr hér í Svalbarðsstrandarhreppi og eiga margir í minni fjölskyldu eftir að njóta góðs af því sem var til sölu á markaðnum.

Framkvæmdir í Valsárhverfi

Nýtt hverfi sem í byggingu er hefur ekki fengið nafn en ég leyfi mér að kalla það Valsárhverfi þar til annað og betra nafn verður fundið. Sveitarfélagið er að byggja tvö parhús, íbúðirnar eru komnar í sölu og sjá má auglýsingu um þær hér að neðan. Áhugasömum er bent á að hafa samband við mig bjorg@svalbardseyri.is eða í síma 464 5500. Gert er ráð fyrir að parhúsin verði tilbúin til afhendingar með haustinu. Þá eru hafnar framkvæmdir við byggingu húss á Bakkatúni 4 auk þess sem lóðirnar á Bakkatúni 2 og 6 eru seldar og eigendur hefjast handa á nýju ári við byggingu sinna húsa. Þá er ein lóð farin á Tjarnartúni auk þeirra sem sveitarfélagið er með á sinni könnu. Eftir áramótin verður farið í frekari markaðssetningu á svæðinu, áframhaldandi vinna við uppbyggingu vega ákveðin og vonandi eigum við eftir að sjá blómlega byggð rísa í hverfinu á allra næstu árum. Byrjunin lofar góðu og með haustinu ættu nýjir íbúar að vera fluttir inn í sín hús.

Útsýnislóðir við Tjarnartún

Hreppurinn byggir og selur parhús í nýja hverfinu á Svalbarðseyri



Einstakt útsýni yfir tjörnina og fjörðinn.

Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar sumarið 2019.

Hver íbúð er 3ja herbergja, 88,4 m² að stærð með bílskúrsrétt.

Teikningar á vefsíðunni: svalbardsstrond.is

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri.



SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR | Sími 464-5500 | postu@svalbardsstrond.is | www.svalbardsstrond.is



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni þriðja pistils:

- Íbúafundur um snjómokstur og sorphirðu
- Aðalfundur Flokkunar
- Fulltrúaráðsfundur Eyþings og samráðsvettvangur vegna Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2015-2019
- Fjárhagsáætlun og kynningarfundur á helstu verkefnum ársins 2019
- Jólaundirbúningur
- Framkvæmdir í Valsárhverfi
- Opnun Vaðlaheiðarganga og heimsókn í göngin

Opnun Vaðlaheiðarganga

Laugardaginn 12. janúar verða Vaðlaheiðargöng formlega opnuð. Dagurinn hefst á því að haldin verður hjóleiðakeppni og hlaupamót þar sem farið verður enda á milli auk þess sem boðið verður uppá styttri vegalengdir. Klukkan 13:00 eru göngin opin almenningi, boðið verður uppá ýmsa viðburði fram til klukkan 15:00 þegar formleg opnun hefst. Ýmis tónlistaratriði verða í boði, hægt verður að fá sér vatnssopa úr þessum miklu vatnslindum sem eru í göngunum, boðið verður uppá yoga og ýmislegt annað hægt að skoða á gönguferð um göngin. Eftir formlega athöfn verður svo boðið til kaffisamsætis í Valsárskóla og má búast við fjölda gesta enda merkis viðburður. Dagskrá og fyrirkomulag dagsins verða betur kynnt þegar nær dregur en hér er að finna kort af þeim bílastæðum sem í boði verða á Svalbarðseyri. Björgunarsveitin Týr heldur utanum um bílastæðamál og stjórnar umferðinni á Svalbarðseyri og Kvennfélagið sér um veitingar í Valsárskóla í samvinnu við Kvennfélagið í Þingeyjarsveit.



Hér að neðan er að finna jólakveðju frá sveitarstjórn og aulýsinguna frá Valsárhverfi, ögn stærri en hér að ofan.

Að lokum vil ég óska sveitungum gleðilegra jóla, þakka fyrir samstarfið og góð kynni á árinu sem er að líða.

Björg Erlingsdóttir



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni þriðja pistils:

- Íbúafundur um snjómokstur og sorphirðu
- Aðalfundur Flokkunar
- Fulltrúaráðsfundur Eyþings og samráðsvettvangur vegna Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2015-2019
- Fjárhagsáætlun og kynningarfundur á helstu verkefnum ársins 2019
- Jólaundirbúningur
- Framkvæmdir í Valsárhverfi
- Opnun Vaðlaheiðarganga og heimsókn í göngin



*Sveitarstjórn og starfsfólk
Svalbarðsstrandarhrepps sendir
íbúum og samstarfsaðilum bestu
óskir um gleðileg jól og farsæld á
nýju ári með þökk fyrir
samstarfið á árinu sem er að líða*

*Starfsmenn og Sveitarstjórn
Svalbarðsstrandarhrepps*



Útsýnislóðir við Tjarnartún

**Hreppurinn byggir og selur parhús
í nýja hverfinu á Svalbarðseyri**



Einstakt útsýni yfir tjörnina og fjörðinn.

Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar sumarið 2019.

Hver íbúð er 3ja herbergja, 88,4 m² að stærð með bílskúsrétt.

Teikningar á vefsíðunni: svalbarðsstrond.is

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri.

